


MONITOR



FRÍTT
EINTAK


TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

Náman leitar að vanmetnum snillingum

Gúgláðu betur er spurningakeppni Námunnar. Keppnin fer fram á Facebook síðu Námunnar öll föstudagskvöld á meðan Gettu betur er í sjónvarpinu. Í hverri keppni vinnur einn snillingur 10 þúsund krónur og annar heppinn þátttakandi fær sömuleiðis 10 þúsund krónur. Þannig getur snilldin borgað sig.

facebook.com/naman.landsbankinn

Steinþór Helgi Arnsteinsson er spurningahöfundur Gúgláðu betur



Tvær dómur tóku upp á því að sýna löngutöngina sína í Monitor þessa vikuna.



ANDRI HÉLT SÉR FAST ÞEGAR HANN FÉKK FRÉTTIRNAR

SKANDRINAVÍA

Fyrstu sex: 210580.
 Uppáhalds Norðurland fyrir utan Ísland: Danmörk.
 Uppáhaldsfyrirbæri frá Danmörku: Tuborg.
 Uppáhaldshljómsveit frá Svíþjóð: Roxette.
 Uppáhaldsborg í Noregi: Þrándheimur.

Mynd/Arni Sæberg

Nektinni og hundinum að þakka

Andri Freyr Viðarsson hélt fyrst að um vinnustaðagrín væri að ræða þegar hann frétti að þáttur hans, *Andri á flandri*, væri væntanlegur í loftið í ríkis-

„Ég hef eiginlega ekki hugmynd um hvernig þetta kom til. Ég komst bara að þessu þegar ég fékk tölvupóst frá konu í Svíþjóð sem er víst að þýða þættina. Hún skildi ekkert hvað ég var að segja og þurfti að spyrja mig út í einhver atriði. Þá fór ég að spyrja héra innanhúss hvort þetta væri eitthvað grín og þá var mér sagt að svo væri ekki heldur væru þættirnir á leið í sýningu úti,“ segir Andri Freyr Viðarsson, útvarps- og sjónvarpsmaður. Þættir hans, *Andri á flandri*, verða teknir til sýningar á ríkissjónvarpsstöðvum Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs á næstunni. „Þetta kemur mér bara skemmtilega á óvart. Ég bjóst svo sem alveg við því að fólk hefði húmor fyrir því að horfa á mig á sundskýlu með bolabít hér heima en hefði ekki endilega búist við því með líðið úti. Mér finnst Svíar nefnilega ömurlegir, ég þekki Norðmenn ekki en aftur á

móti finnst mér Danir yndislegir og ég vona bara að þeir kunni að meta þetta. Ég held að þetta sé aðallega nektinni og hundinum Tómasi að þakka,“ bætir Andri við en hann segist ekki vita hvað þættirnir koma til með að heita ytra. „Ég er eiginlega spennastur fyrir því að heyra það. Ég veit ekki hvað þeir gera, kannski verður nafninu á mér bara breytt svo það passi við eitthvað orð í tungumálunum úti. Ég kann náttúrulega ekkert þessi tungumál.“

Flandrar næst um Andraland

Andri Freyr stendur þessa dagana í ströngu við að leggja lokahönd á þættina *Andraland* sem fara í loftið þann 8. mars næstkomandi. Þáttunum svipar til *Andra á flandri* að því leyttinu til að í þáttunum tekur hann út áhugaverða staði og sérkennilegt fólk. „Ég held að ég geti lofað því

að þættirnir verði betri en *Andri á flandri*. Það er svipað teymi sem kemur að þáttunum og við erum auðvitað öll reynslunni ríkari þegar kemur að svona verkefni. Andri á flandri var tekið upp í einni bunu, allir þættirnir voru gerðir á níu dögum og enginn hafði trú á okkur. Nú gefst tími til að nostra meira við hlutina,“ segir Andri, en hvað stóð helst upp úr við gerð þáttanna? „Mér fannst frábært að taka dag með útgangsmanninum Skara skakka. Það var áhugavert að skyggast inn í þann heim. Svo var rosa gaman að sjá hvað verður um kúk okkar borgarbúa þegar við sturtum honum niður. Síðast en ekki síst var magnað að kynna stelpuhóp sem stundar „roller derby“ hér á landi.“ Þá er bara að bíða og sjá hvort skandinavísku ríkissjónvarpsstöðvarnar þefi upp *Andralandsþáttinn* rétt eins og *Andra á flandri*.
 elg

Monitor mælir með

Á NETINU

Fréttapátturinn *Hraðfréttir* kom eins og stormsvipur inn í íslenska dag-skrágerð fyrir síðustu helgi. Annar þátturinn fer í loftið á morgun og herma fregnir að greint verði frá þjófnæði á Alþingi í þættinum. Haldið ykkur fast!



Í MARS

Fjórar galvaskar stelpur úr Fjölbautaskólanum í Garðabæ fundu upp á því snjallræði að hanna og selja slaufur handa dömum sem eru í laginu eins og yfirvaraskegg. Hugmyndin með slaufunum er að gera kvenmönnum kleift að taka þátt í Mottumars, sem haldinn er til styrktar Krabbameinsfélaginu, en ágóði slaufanna rennur einmitt til félagsins. Fyrirtæki stelpnanna heitir Arcos og hægt er að nálgast frekari upplýsingar um slaufurnar á síðu þeirra á Facebook.



Í GÖGGINN

Veitingastaðurinn Saffran býður nú upp á nýjan rétt, mangómarineraðan kjúkling með kókos, makademíuhnetuhjúp, ávaxtachutney og shiraz salat sem er jafnljúffengur og hann er hollur. Rétturinn er kynntur samhliða styrktarsamstarfi við sundkonuna Ragnheiði Ragnarsdóttur sem stefnir ótraud á ÓL í London en á næstu mánuðum mun Saffran kynna fimm rétti til viðbótar í samstarfi við fimm aðra verðandi Ólympíufara Íslands.



Vikan á ...

facebook

Margrét Erla Maack
 Sprengidagur: Allir vinir mínir sem eru foreldrar eru í spreng að redda búningum fyrir morgundaginn.
 21. febrúar kl. 11:27

Daníel Óliver
 Eina bolla hér á bæ er undirritaður sem lítur einmitt út eins og ein slík eftir óhollustu helgarinnar...
 20. febrúar kl. 11:03

Björgvin Páll Gústavsson
 Ohhh ömurlegt að koma heim frá Króatíu og sjá fullan ísskáp af nýbök-uðum bollum! :) Rosalega á maður myndarlega eigin-konu...
 20. febrúar kl. 10:51

Ingólfur Þórarinnsson
 tónlistarhúsid harpa kostadi mörg þúsund milljónir en tad er samt ekki hægt að fá kokteilsösu þar.
 17. febrúar kl. 22:00

Feitast í blaðinu

Eliás Bjartur týndi símanum sínum en lætur það ekki stöðva sig í leiklistinni. >>>4

Jonni og Dagbjört segja að glys og glamúr muni koma áhorfendum á óvart. >>>6

Ingibjörg Sigfús-dóttir er átján ára tiskumær sem á fullan skáp af flottum fötum. >>>8

Strákarnir í Bláum Ópal eru sáttir með 2. sæti og segja ævintýrið rétt að byrja. >>>11

Lið Verzlunarskólans og FSU mætast í átta liða úrslitum Gettu Betur á föstudag. >>>18

Efst í huga Monitor

Hæfileikakeppni Íslands

Erst í huga Monitor þessa vikuna er Hæfileikakeppni Íslands því nú hafa mbl.is og SkjárEinn farið af stað með nýjan sjónvarpsþátt þar sem verðlaunin eru ekki af verri endanum eða ein milljón króna.

Það er alveg ljóst að hæfileikar eru ekki af skornum skammti hér á landi og því viljum við skora á sem flesta að sækja um en frá og með næsta mánudag, 27. febrúar, verður hægt að senda inn umsókn á mbl.is.

Það sem þú þarft að gera er að taka upp þig að gera það sem þú gerir best og senda inn upptökuna. Dómarar munu velja úr umsóknunum og bestu atriðin verða svo sýnd í fimm undanþáttum á SkjárEinum en með úrslitapættinum verða þættirnir alls sex.

SVARTHVÍTUR MAÐUR

Sjú mí vott jú gott. Ykkar, Jón Ragnar

Trommandi leikara- stærðfræðingur

Þó svo **Elías Bjartur** hafi týnt símanum sínum á mánudaginn er hann ansi brattur þessa dagana enda fer hann með aðalhlutverkið í *Herranætur-sýningu MR* í ár, **Rökkurymur**, en leikritið er frumsýnt annað kvöld.

ELÍAS BJARTUR EINARSSON

Skóli: Menntaskólinn í Reykjavík.
Hlutverk: Nafnlaus dáti.
Fyrstu sex: 190492.
Uppáhaldsleikrit: Faust sem Vesturport setti upp.
Uppáhalds Disney-persóna: Rafíki (apinn í Lion King).
Uppáhalds Grimms-ævintýri: Rökkurymur.

Hvaða heitir persónan þín í leikritinu? Ég hef ekkert nafn en þó er vitnað í mig lítillega sem dáta. Ég er því eiginlega nafnlaus dáti.

Og hvernig er persónuleiki nafnlausa dátans? Þegar leikritið byrjar þá er hann mjög lífs glaður, vongóður og hugsjónasamur. En það breytist.

Já, það gerist stundum í lífinu? Já og í leikritum líka.

Áttu eitthvað sameiginlegt með dátanum lífs glaða? Já, að vissu leyti. Hans sýn á lífið er svipuð minni í byrjun leikritsins. Hann þarf voðalega lítið til að gleðja sig. Hann er glaður með það eitt að vera til þó hann eigi ekki neitt og lendi í einhverjum hremmingum. Honum er alveg sama því það er svo gaman að vera til.

Átt þú sem sagt ekki neitt? Stundum á ég eitthvað en svo koma tímar þar sem ég á ekki neitt.

Um hvað er leikritið? Það er um svo margt. Þetta er ævintýri sem er byggt á Grimms-ævintýrunum og þetta er um það sem týpískustu ævintýrin eru um, illa valdhafann og ævintýraheim þar sem hvað sem er getur gerst.

Last þú Grimms-ævintýrin? Ég hef lesið eitthvað af þeim en ekki nærri því öll.

Hvað eru þau mörg? Veit það einhver? Ég veit það alla vega ekki.

Þú átt ekki neitt og veist ekki neitt. Nei, en ég er samt ánægður.

Þú ert á þínu síðasta ári í MR og hefur tekið þátt í Herranótt öll þín ár. Hvernig finnst þér þróunin hafa verið? Ég var náttúrulega bara í einhverju bulli þegar ég byrjaði en ég er klárlega búinn að bæta mig. En leikritin eru jafn mismunandi og þau eru mörg. Þau eru mjög frábrugðin en mér fannst skemmtilegast að taka þátt í fyrri sem ræðst kannski af því að ég var í stjórn *Herranætur* þá og ásamt því að leika var ég líka í hljómsveitinni.

Þú ert einmitt liðtækur á trommur, ekki satt? Jú og ég spilaði á slagverk í sýningunni í fyrri.

Hvenær áttaðir þú þig á því að þú gætir leikið? Það var þegar ég komst inn í leikhópin á fyrsta árinu mínu. Það var aldrei planið hjá mér að fara í leikhópin af því að ég tók ekki þátt í neinu svona í grunnskóla en ég ákvað að prófa og komst, mér að óvörum, inn í leikhópin. Eftir það komst ég að því að mér finnst mjög gaman að leika.

Er stefnan sett á leiklist eða? Ég hef ekki hugmynd um hvað ég ætla að gera. Það kæmi alveg til greina. Ef það færi á þann veg að ég myndi halda áfram að leika þá væri það mjög gaman. En það er ekki planið sem er samt kannski af því að ég er ekki með neitt plan.

Þú ert á eðlisfræðibraut II í MR. Ertu svona fáránlega gáfaður? Ég á mjög auðvelt með stærðfræði alla vega og væri til í að halda áfram með hana.

Gætir þú þá hugsað þér að verða trommandi leikarastærðfræðingur? Það væri geðveikt. Mig langar líka að verða heimspekingur. Er hægt að blanda því þarna inn líka?

Hefur þú alltaf haft áhuga á leiklist? Áhuginn kviknaði fyrir alvöru eftir að ég fór í leiklistina í MR. Ég hafði alveg farið í leikhús og fannst það alveg gaman en nú finnst mér enn skemmtilegra að fara í leikhús því ég sé þetta með öðrum augum.

Hvers vegna ætti fólk að skella sér á Rökkurymur? Til að gleyma sér um stund, skemmta sér og njóta lífsins.

jrj

RÖKKURRYMUR

Menning
í menntö



MEGAVIKA

1.390 KR.

Allar pizzur af matseðli ef þú sækir.
Vikuna 20. – 26. febrúar 2012

HVÍTLAUKSOLÍA
FYLGIR
FRÍTT MEÐ
ÖLLUM
PÖNTUNUM



Photo: SDA

dominos.is

◇ 58·12345

Um hvað er leikritið?

Leikritið er um unga stelpu sem flytur frá Oklahoma til Los Angeles í von um að meika það.

Hún vill upplifa eitthvað nýtt, lenda í einhverju ævintýri og verða söngkona. Hún, Sherrie, fær vinnu á heitasta barnum í LA og kynnist þar barþjóninum Drew, sem Guðjón leikur.

Og þá byrjar þessi venjulega Hollywood-klijsa. En svo flækjast hlutirnir.

Hvernig lýsist þið persónunum ykkar?

Drew er rosalega venjulegur gaur. Hann er góði gæinn, vinnur sem barþjónn en langar samt mikið að vera frægur. Hann er í raun algjört krútt.

Sherrie er krúttleg sveitastelpa og allt er nýtt fyrir henni í LA en hún er samt ákveðin og skemmtileg. Það er rosa mikil orka í henni.

Eigið þið eitthvað sameiginlegt með karakterunum?

Ég er algjörlega góði gæinn, líkt og Drew. Ég er líka alveg smá í tónlist en mig langar ekkert sérstaklega að meika það.

Ég er ekki beint sveitastelpa en mig langar að fara til LA og mig langar að upplifa eitthvað klikkað. En Sherrie verður villt þegar líður á leikritið. Hún verður strippari og þá fer allt til fjandans. Mig langar nú ekki að verða strippari (hlær).

Hafið þið tekið þátt í fleiri sýningum hjá FG?

Þetta er fjórða sýningin sem ég tek þátt í.

Ég var í FS í Keflavík áður og tók þar þátt í tveimur sýningum en örlögin leiddu mig hingað og þetta er fyrsta sýningin mín hér. Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef gert.

Og hver er munurinn á sýningunum í FG og FS?

Það er þvítíkur munur. Það er miklu meiri metnaður hér enda eru 90% þeirra sem taka þátt á leiklistarbraut. Fólk ætlar sér að starfa við þetta í framtíðinni og fara því með þetta alla leið. Ég var að mála mig sjálf í Keflavík en hér eru 15 sminkur og öll umgjörð er stærri og flottari.

Hvenær áttuð þið ykkur á að þið gætuð leikið?

Ég áttaði mig fyrst á því hvað ég elska þetta mikið í fyrsta leikritinu mínu þegar ég var busi í Keflavík. Þá kom ég baksviðs í hlé og var gráti næst því mér fannst þetta svo skemmtilegt.

Ég áttaði mig á því heima þegar ég og systir mín, Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona, vorum farin að leika heilu Friends-þættina saman. Við erum mikið fyrir að „kvóta“ úr þáttum og myndum og svo var það einmitt hún sem sagði mér að drífa mig í leikritið þegar ég var á fyrsta ári.

Hafið þið alltaf haft áhuga á leiklist?

Ég hef alltaf verið ótrúlega athyglissjúkur krakki en ég hef lært að nýta orkuna í réttu hlutina og því set ég hana í leiklistina núna. En ég hef haft þetta í mér síðan ég fæddist, ég elska að vera uppi á sviði að syngja, dansa og leika.

Áhugi minn á heildarmyndinni kviknaði hér í FG. Mig langar að vinna í þessum bransa en ekki endilega sem leikari. Mig langar rosalega að verða leikstjóri.

Heldur þú að þú farir þá að læra eitthvað slíkt?

Ég útskrifast af myndlistarbraut og ætla í Listaháskólann að læra meira í því. Þegar því lýkur langar mig að læra kvikmyndagerð en einhvers staðar á leiðinni langar mig að læra leikstjórn. Svona ef þú vilt heyra 10 ára planið mitt. Það væri gaman að leikstýra einhverju á sviði eða kvikmynd.

En þú, Dagbjört?

Mig langar rosalega að fara í leiklist í LHI en það eru náttúrulega 2 ár í næstu prufur svo mig langar að gera eitthvað í millitíðinni. Kannski ég smellir mér til LA (hlær).

Hvers vegna ætti fólk að sjá Paradise City?

Af því að þetta verður ógeðslega skemmtilegt. Þetta verður svolítið gróft hjá okkur. Við náðum einmitt að heilla einn sem sagðist hata söngleiki.

Þetta verður geðveik upplifun. Þetta er líka svo mikið alla leið „in your face“-sýning og ég held að þetta eigi eftir að koma fólki á óvart.

Mun koma á óvart

Nemendur Fjölbrotaskólans í Garðabæ bregða sér til Los Angeles í ár en þau **Dagbjört Kristín Helgadóttir** og **Guðjón Ragnarsson** fara með aðalhlutverkin í rokksöngleiknum **Paradise City** sem er frumsýndur í dag

**GUÐJÓN RAGNARSSON**

Fyrstu sex: 190592.
Skóli: Fjölbrotaskólinn í Garðabæ.
Hlutverk: Drew.
Uppáhaldsleikari: Benicio Del Toro og Gary Oldman.
Uppáhalds Disney-persóna: Herkúles.

DAGBJÖRT KRISTÍN HELGADÓTTIR

Fyrstu sex: 061192.
Skóli: Fjölbrotaskólinn í Garðabæ.
Hlutverk: Sherrie.
Uppáhaldsleikari: Ryan Gosling.
Uppáhalds Disney-persóna: Simbi.



PARADISE CITY



Þú getur
unnið ferð
fyrir tvo til

NEW YORK



á Saga Class

**Með hverjum keyptum
Motorola Razr fylgir
lukkunúmer.**

Skráðu númerið á Facebook-
síðu Motorola á Íslandi og
þú gætir verið á leið
til New York á
Saga Class með
Icelandair!

SKOTHELDUR MOTOROLA RAZR!



MOTOROLA
RAZR™



Motorola Razr er nýr Android-sími, einn þynnsti síminn
á markaðnum en pakkaður af tækni sem Dual Core
1,2 GHz örgjörvinn og 1 GB vinnsluminnið leika sér að.

Motorola Razr er líka einn sterkasti síminn á markaðnum.
Bakhlíðin er úr KEVLAR sem er sama efni og í skotheldum
vestum og allur síminn er vatnsvarinn með nanótækni.
MotoCast er innbyggt í símann og þú getur náð í tónlistina
þína eða bíómyndirnar í PC-tölvunni þinni hvort sem þú ert
í næsta herbergi eða annarri heimsálfu.

Þú ert tæknitröllíð í vínahópnum með Motorola Razr.

LIFE.  POWERED.

aðeins
7,1 mm



Skráðu þig á Facebook-síðu Motorola á Íslandi



NÝJASTA
Hvítu Dr. Martens-skórnir mínir eru það sem ég keypti mér síðast. Ég hef lengi hugsað um að fá mér þá hvíta en var efins til að byrja með. Ég ákvað að kaupa mér þá og sé sko alls ekki eftir því.



ÓDÝRASTA
Gallavestið keypti ég í Mirornu í Svíþjóð. Ég var búin að leita mér lengi að gallavesti og var því ánægð þegar ég fann þetta á aðeins 1000 krónum íslenskar. Fullkomnar látlaus dress.



FLOTTASTA
Nelly-kjólinn sem er mjög nýlegur er örugglega það sem mér finnst fallegasta flíkin mín í augnablikinu. Ég er mjög skotin í honum.

Leðurstuttbuxurnar virka alltaf

Ingibjörg Sigfúsdóttir er átján ára nemi við Menntaskólann við Sund og starfar hún einnig í Focus Smáralind með skólanum. Ingibjörg hefur mikinn áhuga á tísku og á hún fullan fataskáp af fallegum flíkum. **Stíllinn** kíkti á Ingibjörgu þessa vikuna.

fataskápurinn

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Töfaralega afslappaður.

Átt þú þér fyrirmynd hvað varðar tísku og fataval? Ég á enga beint sérstaka fyrirmynd en ég lít mikið upp til systur minnar Elísabetar (elisabetgunnars.com) sem hefur hjálpað mér mikið að móta minn stíl síðustu árin. Ég skoða líka mikið tiskublogg sem veita mér innblástur.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ég kaupi flestöll fötin mín úti í Svíþjóð. Ég er svo heppin að hafa ástæðu til að fara þangað reglulega þar sem systir mín og fjölskylda hennar búa þar. Þar versla ég helst í Monki, Ginu Tricot og að sjálfsögðu í H&M. Hér heima er það aðallega Sautján og Topshop.

Fyrir hvernig tilefni finnst þér skemmtilegast að klæða þig upp? Ég þæli daglega í því hverju ég eigi að klæðast í skólann til dæmis. Það er samt auðvitað skemmtilegast að klæða sig upp þegar maður er að fara eitthvað meira fínt.

Hvaða snyrtivara gætir þú ekki verið án? Bronzing-gelsins míns frá Sensai Kanebo sem ég nota daglega.

Hvert er þitt uppáhaldstískutímabil? Mér finnst mjög gaman að skoða tískuna frá 80'-tímabilinu. Ætli það sé ekki vegna þess að stærsta þemavikan í skólanum hjá mér gengur einmitt út á það tímabil og þar hefur maður heldur betur þurft að þæla í smáatriðum.

Hvaða hönnuð myndir þú velja til að hanna brúðarkjólinn þinn? Ég hef nú ekki mikið þælt í því ... en mér finnst kjólarnir frá Veru Wang mjög fallegir.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvernig tattú myndir þú fá þér og hvar? Ég er nú þegar með fæðingardaginn minn tattúveraðan á úlnliðinn. Ef ég þyrfti að fá mér annað þá yrði það allavega alltaf eitthvað sem ég gæti tengt við sjálfa mig eða fólkið í kringum mig.



BESTA
Ætli það séu ekki svörtu leðurstuttbuxurnar mínar sem henta við öll tilefni hvort sem það sé í skólann eða eitthvað annað. Þær eru alltaf „save“. Þegar ég er í vandræðum með hverju ég á að klæðast enda ég alltaf á að henda mér í þær.



HLÝJASTA
Pelsinn minn sem ég fann á frábæru verði í barnadeild H&M hefur verið sú flík sem að heldur á mér mestum hita þennan veturinn.



UPPÁHALDS
Svarta gæran mín er algjört uppáhalds. Stóra systir mín gat ekki valið á milli líta þegar hún fann hana í Zóru, hún ákvað því að gefa mér aðra þeirra. Ég var voðalega glöð með það.



TRYLLT TÍSKUVIKA

Það heitasta var kynnt í haust- og vetrartísku ársins 2012 á Fashion Week á dögnum. **Stíllinn** tók saman flott lúkk af sýningarpöllum-



Stjörnustríð

Kourtney Kardashian vs. Brittany Snow
Raunveruleikastjarnan er flott í þessum Alice + Olivia kjól og er hún með töff snákamynstrað veski við. Sykursæta leikkonan er einnig undirfögur í kjólnum með ljósa liðuga hárið fallega tekið upp. Þær þurfa því að sætta sig við jafntefli í þetta sinn.

Courteney Cox vs. Kate Moss
Friends-stjarnan er flott í snákamynstruðum Lanvin kjól en hún hefði mátt velja flottari skó við kjólinn. Því er það ofurfyrirsætan sem ber sig úr bítum að þessu sinni, í hvítum plein jakka yfir kjólnum og velur klassíska skó við.

Stacy Keibler vs. Vanessa Hudgens
Leikkonurnar tvær eru bráðfallegar í þessum Maria Lucia Hohan síðkjól. Dökkt hár Vanessa passar hinsvegar einstaklega vel við gula litinn og bætir hún stórum og flottum skartgripum við sem poppa lúkkið upp, hún fær því vinninginn.

Sarah Jessica Parker vs. Lana Del Rey
Skvísurnar tvær klæddust þessum Prabal Gurung kjól á dögnum í London. Sníðið á kjólnum hennar Söruh er dömulegra og kemur betur út en síðerma sníðið sem Lana klæðist. Einnig passa hælarnir hennar Söruh betur við kjólinn en strigaskórnir hennar Lönu.



Þetta byrjaði allt á Benidorm

Áður fyrr var sælgætið blár Ópal á milli tanna fólks í bókstaflegri merkingu en nú hefur samnefndur sönghópur tekið stöðu þess í allt öðru samhengi. **Monitor** fræddist um hvaða menn strákarnir í **Bláum Ópal** hafa að geyma.



Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

einar@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Þeir Agnar Birgir Gunnarsson, Franz Ploder Ottósson, Kristmundur Axel Kristmundsson og Pétur Finnbogason höfðu aldrei komið fram sem hópur fyrir rúmum mánuði síðan. Þeir voru þó fljótir að vinna þjóðina á sitt band með heillandi framkomu á undankvöldi Söngvakeppni Sjónvarpsins þann 14. janúar síðastliðinn og stimpluðu sig síðan enn rækilegar inn sem bráðefnileg poppsveit á úrslitakvöldinu þann 11. febrúar. Eins og alþjóð veit lenti söngsveitin í 2. sæti keppinnar en sigraði jafnframt símakosningu kvöldins. Strákarnir syrgja farseðilinn til Bakú engan veginn og hyggjast fylgja vinsældum lagsins Stattu upp eftir með nýju lagi á næstunni. „Við erum nú þegar búnir að lenda í ævintýrum út af þessu og það er margt spennandi framundan svo við erum sáttir,“ segir Pétur og hinir taka undir.

Við þurfum víst að byrja á að hryggja kvenkyns lesendur Monitor með fréttum þess efnis að þið eruð allir giftir með börn, ekki satt?

- ☛ Jú, það er nákvæmlega þannig (hlær).
- ☐ Ploder er átta barna faðir (hlær).
- ☛ Ég á sex börn og fimm hunda.
- ☒ Ég er sá eini sem er á föstu.
- ☑ Aggi er sá eini sem er giftur.

En hver ykkar verður fyrstur til að giftast og eignast börn í alvöru?

- ☐ Það er ég, það verður eitthvað slys.
- ☛ Ég held að það verði Aggi.
- ☐ Já, jú, það verður Aggi. Hann er kominn með hund og íbúð, halló.
- ☛ Og kött.
- ☒ Já, ég bý í kjallaranum með frúnni ásamt hundi og ketti.

Þótt það sé hægt að kalla okkur „boy band“ þá erum við alls ekkert eins og Backstreet Boys eða eitthvað.

Yfir í dramað, eruð þið svekktir út í fyrirkomulag Söngvakeppinnar, að þið hafið ekki komist áfram þrátt fyrir að hafa verið efstir í símakosningunni?

☑ Nei nei, við vissum alveg hvernig reglurnar væru fyrir fram.

☐ Ég fékk einhverja tilfinningu uppi á sviði að við værum að fara að lenda í öðru sæti þegar það var verið að tilkynna úrslit en mér leið bara vel með það. Við erum nú þegar búnir að lenda í ævintýrum út af þessu og það er margt spennandi framundan svo við erum sáttir.

☛ Við erum til dæmis á forsiðu Monitor núna, það var snilld að lenda í öðru sæti. Annars á ég skýrt svar við þessu, reglur eru reglur og við vissum alveg fyrir fram hvernig fyrirkomulagið væri. Ef maður þælir hins vegar í því, þá voru upphaflega send inn 300 lög inn í keppnina. Mér finnst eðlilegt að það sé dómnefnd sem velur úr þeim lögum til að skera niður, svo standa fimmán lög eftir. Þar er ég sammála um að hafa dómnefnd aftur til að skera úr en síðan þegar þetta er komið í úrslit, þar sem það eru sjö lög eftir, þá ætti náttúrulega þjóðin bara að fá að velja eins og í öðrum löndum. Það mætti skoða þetta á næsta ári en ég meina það samt, við erum svo glaðir með að hafa lenti í öðru sæti.

☑ Ég held líka að það sé ekkert spes að fara til Azerbaidsjan. Þetta er leiðinlegasta land sem Eurovision hefur verið haldið í.

☛ Já, ég held að það sé leiðinlegur mórall þar.

Hugsuðu þið einhvern tímann út í fyrir keppnina: „Hvað ef við vinnum þetta bara?“

☛ Það kom alveg fyrir. Kvöldið fyrir úrslitakvöldið þá vorum við Franz saman í bíl og þá spjölluðum við reyndar aðeins um hvernig við myndum bregðast við ef myndum enda á að vinna þetta. Síðan stoppuðum við á rauðu ljósi og þá keyrði allt í einu Ópal-bíll fram hjá okkur, reyndar rauður Ópal enda er náttúrulega ekki til blár Ópal-bíll. Okkur fannst það frekar fyndin tilviljun. Síðan kveikti Franz á útvarpinu og þá heyrðist í útvarpinu: „All I do is win-win-win, no matter what!“ og við urðum sjúklega æstir og hugsuðum strax að það væri verið að senda okkur eitthvað merki, að það væri skrifað í skýin að við ættum að vinna. Þá sagði ég: „Ókei, ef að næsta lag sem kemur er Stattu upp, þá vinnum við þessa keppni!“ Síðan heyrðist: „Flass 104,5...“ (syngur upphafslínuna í Stattu upp). Við misstum okkur alveg (hlær)!

☐ Þetta „jinxaðist“ hins vegar, við unnum ekki.

☛ Já já, eins og ég segi var okkur ætlað að lenda í öðru sæti en þetta er fyndin saga.

Hvernig vildi það til að þið fjórir enduðuð sem flytjendur lagsins Stattu upp, eftir Ingó og Flex Árnason, í undankeppni Eurovision?

☐ Ég fékk símhringingu frá Ingó í nóvember. Hann vissi af okkur, því við Aggi tókum þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna með „a capella“ sönghóp sem við erum í. Franz er einmitt líka hluti af þeim sönghóp en kom inn í hann eftir keppnina. Síðan var Kristmundur náttúrulega bara „Komdu til baka“-strákurinn.

☒ Við fórum síðan á fyrsta fundinn í desember og þá var ekki aftur snúið.

☐ Við vorum meira að segja að taka þetta upp í miðjum jólaþrófum hjá mér.

Þið þekktust sem sagt ekki allir fyrir?

☐ Bara við þrír (Agnar, Franz og Pétur).

☛ Ég hafði samt alveg hitt Pétur.

☐ Já, hann sagði einu sinni við mig að ég væri flottur gaur þegar ég var í sólbaði á Benidorm.

☑ Já, ég kynntist Pétur í raun líka á Benidorm, í útskriftarferðinni okkar.

☛ Þetta byrjaði allt á Benidorm.

☒ Ég er hins vegar svo gamall að ég var bara heima með frúnni á meðan þeir voru að leika sér á Benidorm.

Hvaðan kemur nafn hljómsveitarinnar?

☐ Við vorum að spjalla um nammið í stúdíóinu einhvern tímann, þegar við vorum ekki einu sinni að pæla í hljómsveitarnöfnum eða neitt svoleiðis. Ég var bara eitthvað að babla af því að ég elska bláan Ópal. Síðan var það miklu seinna sem við þurftum að finna nafn og Ingó og Flexi voru búnir að rissa niður einhverjar hugmyndir og þá small þetta bara, Blár Ópal.

☛ Svo er þetta líka bara þannig að það sakna allir bláa Ópalsins svo það heillar.

☑ Já, þetta laðar fólk líka að. Við vorum til dæmis að syngja í Smáralindinni um daginn og þá var auglýst: „Blár Ópal í Smáralind!“ Þá mætti hellingur af fólk sem hélt bara að það væri verið að gefa nammið (hlær).

Kristmundur, af ykkur fjórum hefur þú trúlega látið hvað mest að þér kveða hingað til í hinni íslensku tónlistarsenu. Er ekkert skrytið fyrir þig sem rappara að vera nú orðinn hluti af svona strákasöngsveit?

☛ Engan veginn, eins og ég sagði var upphaldshljómsveitin mín í æsku Backstreet Boys svo mér finnst þetta frábært. Svo er Blár Ópal svo mikill millivegur. Þótt það sé hægt að kalla okkur „boy band“ þá erum við alls ekkert eins og Backstreet Boys eða eitthvað. Það er kannski smá „gay“ flingur yfir þessu, sem mér finnst bara flott, þetta er engan veginn asnalegt. Mér finnst líka gaman að vinna í hóp til tilbreytingar.

FRANZ PLODER

Fyrstu sex: 221292.

Uppáhaldsmatur: Nautakjöt.

Uppáhaldsstaður í heiminum:

Graz.

Uppáhaldshljómsveit: Metallica.

Æskuátrúnaðargóð:

Steven Gerrard.

Er sólóferill þinn í rappi hér með þá lagður til hliðar?

☛ Það má kannski segja það, að minnsta kosti svona á næstu mánuðum. Það er samt plata með mér á leiðinni svo sólóferillinn er alls ekki búinn, ég á nóg inni þar.

Hvaða reynslu hafið þið hinir af því að koma fram?

☑ Ég var trommari áður.

☐ Ég líka, ég tromma í hljómsveitinni Hinir.

☒ Ég var alltaf að spila á grunnskólaböllum og svona í Breiðholti í gamla daga. Síðan vorum við auðvitað í þessum rakaraoktett sem lenti í öðru sæti í Söngkeppni framhaldsskólanna. Hann var sem sagt stofnaður í Menntaskólanum við Sund.

Var það nýtt fyrir ykkur að standa á sviði og dansa fyrir fram ákveðin dansspor?

☑ Já, ég myndi segja það.

☐ Ég dansaði oft þegar ég var lítill við Gústu frænku og svona.

☛ Ég hafði tekið eitt spor uppi á sviði áður.

☒ Maður lærði náttúrulega samkvæmisdansa í grunnskóla, annars hafði ég enga reynslu.



KRISTMUNDUR AXEL

Fyrstu sex: 261093.

Upphaldsmatur: Túnfisksrétturinn hjá mömmu Danna vinar míns.

Upphaldsstaður í heiminum: Baðherbergið hjá Danna vini mínum.

Upphaldshljómsveit: Blár Ópal.

Æskuátrúnaðargöð: Backstreet Boys, aðallega Nick Carter.

PÉTUR

Fyrstu sex: 060792.

Upphaldsmatur: Lasagna hjá mömmu.

Upphaldsstaður í heiminum: Snæfellsnes, fjölskylduslóðir.

Upphaldshljómsveit: Queen.

Æskuátrúnaðargöð: Gianluigi Buffon.

AGNAR BIRGIR

Fyrstu sex: 300591.

Upphaldsmatur: Fiskbúðingur í dós.

Upphaldsstaður í heiminum: Kjallarinn.

Upphaldshljómsveit: Muse.

Æskuátrúnaðargöð: David Beckham.



viðtalið



Eruð þið menntaðir tónlistarmenn?

A + K : Nei.

F Ég er nýbyrjaður í Söngskóla Reykjavíkur.

P Ég hef tekið stig í trommunámi.

Hvað eruð þið að gera utan tónlistarinnar?

A Ég er að vinna hjá Sorphirðu Reykjavíkurborgar, ég er öskukall. Ég er að vinna í þessu fram til september og þá förum við kærastan til Asíu.

F Ég vinn í Krambúðinni og svo er ég bara í Söngskólanum.

K Ég er hvorki í skóla né vinnu þessa dagana. Ég vakna bara þegar ég vakna, það getur verið hvenær sem er yfir daginn. Ég geri ekki neitt á daginn (hlær). Ég hitti gamla skólafélaga í Grafarvogi, ég er bara alltaf þar. Ég fer síðan aftur í Borgó í haust.

P Ég er á lokaári í MS og vinn líka í Skemmtigarðinum. Ég er nýhættur í fótbolta, ég var markmaður í Fylki.

Hvernig er hefðbundinn dagur í lífi öskukalls, Agnar?

A Hann byrjar snemma, ég vakna kl. 6:10 og er sóttur af ruslabílnum kl. 6:45 og svo vinn ég til kl. 10, tek kaffi þá og klára kl. 14:30. Þetta er mjög fint starf.

Mynduð þið segja að þið væruð svar íslenska karlpeningsins við The Charlies?

K Nei, alls ekki. Þær eru samt flottar í því sem þær eru að gera en við eigum fátt sameiginlegt með þeim.

P Við stöndum bara fyrir stemningu og viljum að fólk skemmti sér við lögina okkar.

F Við erum fyrst og fremst partísevit myndi ég segja.

K Ég held að það sem við erum að fara að gera á næstu mánuðum eigi eftir að koma fólk á óvart. Við erum að fara að koma fram á stórum viðburðum og verðum alveg með „show“.

Hefur Einar Bárðarson ekkert haft samband eða er Ingó kannski ykkar Einar Bárðar?

K Hann er vinur minn en hann hefur svo sem ekkert haft samband vegna Blás Ópals.

A Ingó er klárlega umboðsmaðurinn okkar og svo semur hann líka tónlistina.

Hafið þið litið til einhverra annarra strákasveita til að öðlast innblástur fyrir það sem þið eruð að gera?

K Ég hef gert það og tekið suma mér til fyrirmyndar í sviðsframkomu.

F Ekki ég, hjá mér snýst þetta aðallega bara um að skemmta sér. Ef ég væri að horfa til einhverra tónlistarmanna sem ég lít upp til þá yrðu það aðallega einhverjir í meiri rokkgríp.

Þegar hljómsveitin var stofnuð, var þá strax lagt upp með

að halda áfram eftir Söngvakeppnina, óháð því hvort þið næðuð langt í henni eða ekki?

K Þetta var eiginlega ekkert ákveðið fyrir en svona eftir undanúrslitakvöldið, þá sögðum við: „Eigum við ekki að halda áfram?“

A Eftir undanúrslitin sagði Flexi strax að við yrðum að gera nýtt lag eftir keppnina.

P Við fundum allir fyrir því að fólk var að taka vel í okkur svo þetta var engin spurning.

F Svo er þetta líka bara svo „bíp“ gaman.

Hafið þið spurt ykkur hvort þið hefðuð alveg verið tilbúnir til að fara út til Bakú og troða upp fyrir framan alla Evrópu í beinni útsendingu?

K Ég held að ég hefði ekki verið tilbúinn, þess vegna held ég að það hafi alltaf verið órlög okkar að lenda í öðru sæti.

F Þetta hefði auðvitað alltaf orðið sjokk en ég held samt að við hefðum alveg massað það undir rest.

K Já, auðvitað hefðum við alveg farið og gert okkar en ég heyrði til dæmis að þessi Lena sem vann fyrir Þýskaland hefði bara verið á spítala daginn eftir keppnina eða eitthvað af því að þetta tók svo á taugarnar (hlær). Ég er allavega meira en sáttur að þurfa ekki að fara út. Það er fint að prófa að fara þarna þegar við verðum eldri og reyndari.

F Ég byrjaði til dæmis bara að syngja í nóvember.

K Já, Franz byrjaði að syngja í fyrradag og var næstum því bara mættur í lokakeppni Eurovision.

F Pétur kom mér einmitt út í sönginn á Benidorm.

K Það var Bene sem setti tóninn.

Hefur mikið verið sótt í ykkur eftir keppnina? Eigð þið eitthvað prógramm til að spila?

K Ég er búinn að fá helling af tölvupóstum, bara á klukkutímastigi, það er alltaf verið að spyrja um Bláan Ópal.

A Við tókum til dæmis sex gigg á laugardaginn síðastliðinn, það var geðveikt.

P Næst á dagskrá er bara að setjast niður með Ingó og Flexa og taka góðan fund. Það þarf að raða þessum giggum vel niður og svo erum við líka að henda í nýtt lag. Það eru upptökur í næstu viku. Okkur langar líka að fá að vera með í því að semja lög. Við útsettum til dæmis raddirnar í nokkrum köflum í Stattu upp.

Eigð þið ykkur stóra drauma eða markmið í þessu verkefni?

P Aðalmarkmið okkar er bara að lögina verði spiluð í sem flestum partíum og fólk syngi með þeim og skemmti sér.

F Þetta eru djammög. Mig hefur alltaf langað að vera hluti af einhverju verkefni sem framleiðir djammög og nú get ég farið að strika það út af listanum mínum.

Er ekki á teikniborðinu að fara að framleiða Blás Ópals-dúkkur, nestibox, hljómsveitarboli og helling af varningi?

K Kannski ekki dúkkur en ég hugsa að það verði eitthvað megakúl. Mér finnst við svo svalir, við erum bara við sjálfir og mér finnst við ólíkir öðrum tónlistarmönnum. Ég held að við eigum eftir að gefa út einvern varning til að auglýsa okkur sem verður mjög flottur.

Tölvuleik?

K Jafnvel.

A Já, það væri örugglega geðveikt að spila leikinn „Dagur í lífi Agnar“ þar sem þú lékir ruslakall (hlæja allir).

■ ■ Þetta eru djammög. Mig hefur alltaf langað að vera hluti af einhverju verkefni sem framleiðir djammög og nú get ég farið að strika það út af listanum mínum.




NÝTT
BRAGÐ

GOTT BRAGÐ FYRIR HEILBRIGÐAR TENNUR...



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmí

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeyninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Edda Hermannsdóttir
Á forsiðu: 17. mars 2011
Fyrirsögn viðtals:
 Óvinsælt ef spyrillinn hikar

Já af mér er allt og ekkert að fréttu. Nú er ár síðan ég var á forsiðunni sem hefur heldur betur verið fljótt að líða. Ég komst spræk úr þeirri djúpu laug sem Gettu betur var og hafði mjög gaman af þessu. Lífið er annars ljúft. Ég er að kenna leikfimi á morgnana klukkan sex og Tabata seinnipartinn í World Class á Nesinu sem er mikið fjór! Síðan er ég í fullu námi hagfræðinni og styttest í að ég að klári. Dunda mér við lokaritgerðarskrif svona í „frítímanum“.

Annars er ég nýkomin heim frá New York þar sem við hjónin vorum að njóta þess að ganga um þessa frábæru borg og borða nóg af bollakökum. Gott að fá hugmyndir að nýjum kökuuppskriftum enda alltaf bakandi, það er mín besta slökun. Ég kem því endurnærð í Gettu betur sem byrjar 24. febrúar þar sem við munum kynna nýtt og skemmtilegt fyrirkomulag.



LOL-MAIL MONITOR

til: Halldór Halldórsson
frá: Jón Ragnar Jónsson
dagsetning: 17. febrúar 2012 10:32
titill: LOL-mail Monitor

Heill sé þér Halldór deoxyrí-bósakjarnsýra

Heldurðu að Sóli Hólm hafi ekki bara skorað á þig í LOL-mailið.

Þú ferð ekki að skorast undan því?

Getur þú svo skorað á einhvern huggulegan?

*Þakkir og góða helgi,
 J-dawg*

Here it goes
 Ég sel yfirleitt brandarana mína, en þennan sel ég ekki dýrari en ég keypti hann.
 Hvað þarf marga súrrealista til að skipta um ljósaperu?

Svar: fiskur og hnifur

Skora a kremkónginn Danna Deluxx til að djóka þetta í drasl næst.



BJÖRK OG BROSANDI

Björk í flokki með Beyoncé og Rihanna

Tónlistarverðlaunin Brit Awards fóru fram með pompi og prakt í O2-höllinni í London á síðastliðið þriðjudagskvöld (sjá nánar á bls. 21). Rétt eins og á Grammy-verðlaununum fyrir í mánuðinum var enska söngkonan Adele sigurvegari kvöldsins og var til dæmis platan hennar, 21, útnefnd plata ársins á báðum hátíðunum.

Fyrir okkur Íslendinga er gaman að geta þess að Björk Guðmundsdóttir var tilnefnd til verðlauna á hátíðinni þetta árið í floknum „Besti alþjóðlegi


kvenlistamaðurinn“ (Best International Female Solo Artist) fyrir hið magnaða verk Bíóflíu.

Því miður féllu verðlaunin ekki í hlut Bjarkar þetta árið enda svo sem engir aukvísar sem tilnefndir voru í sama flokki.

Verðlaunin hreppti sjálf Rihanna en hinar tilnefndu söngkonurnar voru stórstjörnurnar Beyoncé og Lady Gaga ásamt Feist. Þess má geta að Björk hefur áður unnið til fjögurra Brit-verðlauna en hún hlaut tvenn árið 1996 og önnur tvenn árið 1998.



BLAKE LIVELY?



Allt að gerast - alla fimmtudaga!

monitor@monitor.is



TÓNLISTINN

Vikan 16. febrúar - 22. febrúar 2012

- 1** Ymsir
Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012
- 2** Mugison
Haglél
- 3** Of Monsters and Men
My Head Is An Animal
- 4** Adele
21
- 5** Leonard Cohen
Old Ideas
- 6** Ymsir
Einu sinni var / Út um græna grundu
- 7** Valgeir Guðjónsson
Spilaðu lag fyrir mig
- 8** Sigurður G. og Sigríður Thorlacius
Ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands
- 9** Friðrik Karlsson & María Ellingsen
Jóga
- 10** Paul McCartney
Kisses On The Bottom

- ☐ Sólstafrí Svartir sandar ☐ Einar Scheving Land mins föður ☐ Lana Del Rey Born To Die ☐ Helgi Björnsson Íslenskar dægurperlur í Hörpu ☐ Hjálmar Órar ☐ Lay Low Brostinn strengur ☐ Kaffibúsakarlarnir Tveir einfaldir ☐ Ymsir Pottþétt 56 ☐ Gus Gus Arabian Horse ☐ Jón Múli Árnason Söngdansar og ópusar ☐ Pápar og gestir Jameson ☐ Valdimar Undraland ☐ Páll Óskar & Sinfó Páll Óskar & Sinfó ☐ Björk Biophilia ☐ Ymsir Partípopp ☐ Amy Winehouse Lioness: Hidden Treasures ☐ Pollapönk Aðeins meira pollapönk ☐ Justin Bieber My Worlds ☐ Magnús og Jóhann Ástin og lífið 1971-2011 ☐ Felix Bergsson Þögl nóttin

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur sölutölur síðastliðinnar viku í verslunum Skífunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



LAGALISTINN

Vikan 16. febrúar - 22. febrúar 2012

- 1** Of Monsters and Men
Lakehouse
- 2** The Black Keys
Lonely Boy
- 3** Retro Stefson
Qween
- 4** Valdimar / Helgi Júlíus
Stöndum saman
- 5** Magni
Hugarró
- 6** Blár Ópal
Stattu upp
- 7** Foster The People
Call It What You Want
- 8** Lana Del Ray
Born To Die
- 9** Kelly Clarkson
Stronger
- 10** Greta Salóme / Jónsi
Mundu eftir mér

- ☐ Dikta Cycles ☐ Lana Del Ray Video Games ☐ Amy Winehouse Will You Still Love Me Tomorrow ☐ Fun / Janelle Monae We Are Young ☐ Úlfur Úlfur Ég er farinn ☐ Katy Perry The One That Got Away ☐ Ed Sheeran Lego House ☐ David Guetta Titanium ☐ 1860 For You, Forever ☐ Jason Derulo Fight For You ☐ Train Drive By ☐ Mugison Gúaná stelpa ☐ Pitbull International Love ☐ Hjálmar Borð fyrir tvo ☐ Coldplay Charlie Brown ☐ Bruce Springsteen We Take Care Of Our Own ☐ Awolnation Not Your Fault ☐ Flo Rida / Sia Wild Ones ☐ Ham Heimamenn ☐ Goyte / Kimbra Somebody I Used To Know

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spilaðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.

PS VITA
PlayStation Vita

VILTU VINNA PS VITA?

PS VITA
ER KOMIN Í
ELKO!



SENDU SMS-ÍÐ **EST PSV** Á NÚMERIÐ **1900**

ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR **EST A, B EÐA C**
Á NÚMERIÐ **1900** OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

TAKTU
ÞÁTT!

9

HVER VINNUR

Fullt af aukavinningum
DVD · Tölvuleikir · Gos og margt fleira.

ELKO

*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 12. mars 2012. Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-íð. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 11. mars 2012



GÍSLI ÞÓR ÞÓRÐARSON

Fyrstu sex: 020293.
Sérþekkingarsvið: Íslenskar bókmenntir.
Staða á borði: Hægri vængur.
Draumastuðningslag: Let It Be.
Draumaspyrill: Walter Cronkite.
Hvað þarf til að ná langt í keppninni? Endalausn metnað.
Draumasurning: Hver er borgarstjóri Nýju-Delí? Svárið er nefnilega Sheila Dikshit.
Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar? Ég hef ekki uppgötvað þær enn.
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? 5 bækur.
Hvað mun það taka langan tíma fyrir þig að tapa allri þessari þekkingu? Eina viku á Spáni.
Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Ég slaka á. Við skellum okkur í sund og borðum mat úr bakarí.
Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Það er liðstjórinn okkar, hann Axel.

JAKOB HELGI BJARNASON

Fyrstu sex: 311095.
Staða á borði: Vinstri vængur.
Draumastuðningslag: Meistari Jakob.
Draumaspyrill: Blake Lively.
Hvað þarf til að ná langt í keppninni? Metnað.
Draumasurning: Spurning um forseta Túrkménistan, Gurbanguly Berdymuk-hammdiv.
Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar? Þegar ég lærði að lesa.
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? Ætli ég geti ekki lesið um 500 blaðsíður.
Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Við förum alltaf í sund og horfum á Stelli í orlofi. Stundum förum við líka í gufu heima hjá mér og spilum billiard naktir.
Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Já, það er jólahatturinn hans Axels.

EGILL SIGURÐARSON

Fyrstu sex: 080792.
Sérþekkingarsvið: Það eru aðallega hlutir sem byrja á D, eins og Desperate Housewives og Dostojevskí.
Staða á borði: Miðja.
Draumaspyrill: Hemmi Gunn en dóttir hans kemst nú ansi nálægt því.
Hvað þarf til að ná langt í keppninni? Bara nóg af ruslfæði, kaffi og lýsi.
Uppáhaldssurning í keppninni til þessa: Spurning um Lion King.

Draumasurning: Eitthvað sem tengist Michael Bolton.
Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar? Það var bara í fyrra þegar kom að fyrstu keppni. Ég fór í trans og gat svarað hlutum sem ég hafði ekki hugmynd um að ég vissi.
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? 15 bækur.
Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Við slökum á, förum í sund, horfum á mynd og borðum góðan mat.
Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Liðstjórathatturinn.

Þeyjarnir í Verzló fara saman í sund á keppnisdögum

Naktir í billiard

VERZLÓ

GETTU BETUR



GÍSLI ÞÓR AXELSSON

Fyrstu sex: 060595.
Sérþekkingarsvið: Íþróttir og erlend saga.
Staða á borði: Ég er á vinstri vængnum.
Draumaspyrill: Logi Bergmann.
Hvað þarf til að ná langt í keppninni? Það þarf að lesa og æfa sig.
Uppáhaldssurning í keppninni til þessa: Spurningin um Lukku-Láka.
Draumasurning: Vísbendingasurning um Muhammad Alí.
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? Ég get lesið svona 500 blaðsíður á dag.
Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Ég fer yfir glósur og svara spurningum í bílnum á leið í bæinn. Ég tek hraðaspurningar í Kömbunum.

GUNNLAUGUR BJARNASON

Fyrstu sex: 091192.
Sérþekkingarsvið: Málefni liðandi stundar, tónlist, kvikmyndir og Bíblían.
Staða á borði: Miðjan.
Draumastuðningslag: O fortuna.
Draumaspyrill: Hiklaust Davíð Stefánsson. Hann er draumur í dós.
Hvað þarf til að ná langt í keppninni? Að eiga lukkugrip.
Uppáhaldssurning í keppninni til þessa: Hver er bæjarstjóri Hveragerðis? Af því að einn af liðsmönnum okkar er frá Hveragerði.
Draumasurning: Í hvaða borg og landi fæddist Gene Simmons, bassaleikari Kiss?
Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar? Þegar ég sá hvað Andrésblöðin voru mikill viskubrunnur.
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? Metið mitt eru tvær en það voru ljóðabækur.
Hvað mun það taka langan tíma fyrir þig að tapa allri þessari þekkingu? Það myndi taka drjúga stund. Ég myndi örugglega þurfa að horfa í örbylgjuöfn mjög lengi.
Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Ég borða ekkert og átta mig svo á í byrjun hverrar keppni hvað ég er svangur. En hungrið hverfur mjög fljótt þegar spurningarnar dynja á manni.

EYÞÓR HEIMISSON

Fyrstu sex: 230294.
Sérþekkingarsvið: Landfræði, íslensk saga og íþróttir.
Staða á borði: Hægri vængur.
Draumaspyrill: Jamie Carragher því hann er með svo góðan hræim.
Uppáhaldssurning í keppninni til þessa: Hver er bæjarstjórinn í Hveragerði?

Draumasurning: Hver er hjólmörðsleikarinn í Á móti sól? Því það er pabbi minn. Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar? Ég hef alltaf vitað af þeim, ég fæddist bara svona.
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? Ég get lesið tvær til þrjár.
Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Ég slaka á og tek léttu upprifun.

FSU-piltar vita hver er bæjarstjóri Hveragerðis

Hraðaspurningar í Kömbunum

FSU

Mynd/Omar



Microsoft Exchange
Windows Mango 7.5
 Twitter

Facebook

1.4GHz örgjörvi
3.7" Super AMOLED skjár
 5MP myndavél

Windows Live

Frábær rafhlöðuending
 Markaður



Snjallsími sem er
akkúrat eins þú
 vilt hafa hann!



Söluaðilar um allt land

SAMSUNG

OMNIA W

„You had me at hello.“
Jerry McGuire (1996)

FERILLINN



Ewan McGregor

Hæð: 177 sentimetrar.
Besta hlutverk: Mark Renton í *Trainspotting*.
Skrýtin staðreynd: Er með hjarta og rýting húðflúraðan á sig með nöfnum konu sinnar og dætra á hægri handlegg.
Eitruð tilvitnun: Þegar ég var barn fór ég oft að sjá látbragðs-leiki eða leikrit og alltaf, alltaf varð ég ástfanginn af einhverjum á sviðinu. Og ég vildi njóta ásta með viðkomandi.

1971 Fæðist þann 31. mars í Royal Infirmary í Perth í Skotlandi.

1989 Hefur nám í leiklist við Guildhall School of Music and Drama.

1993 Útskrifast úr leiklist, leikur í sínum fyrsta sjónvarpsþætti, *Lipstick on Your Collar* og leikur í sinni fyrstu kvikmynd, *Being Human*.

1994 Vinnur sín fyrstu verðlaun, *Empire-verðlaunin*, fyrir frammistöðu sína í *Shallow Grave*.

1995 Giftist frönsku sjónvarpsþáttagerðarkonunni Eve Mavrakis en þau eiga saman fjórar dætur.

1996 Verður þekktur á heimsvísu þegar hann leikur heróínfíkilinn Mark Renton í *Trainspotting*. Þar birtist hann í fyrsta skipti nakinn á skjánum. Fyrir frammistöðu sína hlýtur hann sín önnur *Empire-verðlaun* og skosku *BAFTA-verðlaunin*.

1999 Leikur ungan Obi-Wan Kenobi í *Star Wars*.

2001 Leikur skáldið unga, Christian, í *Moulin Rouge* og er tilnefndur til fjölda verðlauna, vinnur sín þriðju *Empire-verðlaun* ásamt því að vinna kvikmyndaverðlaun MTV fyrir besta tónlistaratriðið.

2003 Fer með hlutverk yngri Edward Bloom í *Big Fish*.

2004 Sinnir hjálparstörfum í þágu UNICEF í Úkraínu, Kasakstan og Mongólíu.

2006 Hafnar því að leika James Bond í *Casino Royal* því hann hræðist dillkadrátt.

2009 Leikur á móti Jim Carrey í *I Love You Phillip Morris*.



HVER LEIKUR Í HAYWIRES?
JÚ'ANN MCGREGOR!

FRUMSÝNING HELGARINNAR

Haywire

Myndin segir frá málaliðanum Mallroy Kane (Gina Carano) sem vinnur að verkefnum sem yfirvöld vilja láta framkvæma en geta ekki heimilað og loka þess í stað augunum fyrir. Eftir sendiför til að bjarga gíslum í Barcelona, fer Mallory strax í aðra ferð til Dublin á Írlandi. Þegar aðgerðin fer úrskaiðis og Mallory uppgötvar að hún hefur verið svikin, þá þarf hún á allri sinni færni að halda til að sleppa frá mannaveiðurum sem eru á hælunum á henni, komast síðan heim til Bandaríkjanna til að vernda fjölskyldu sína og skipuleggja hefndaraðgerðir því hún

Leikstjóri: Steven Soderbergh.
Aðalhlutverk: Gina Carano, Ewan McGregor, Micheal Douglas, Antonio Banderas, Bill Paxton, Channing Tatum og Michael Fassbender.
Lengd: 93 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíói, Egilshöll og Borgarbíói Akureyri.

vill elta uppi þá sem sviku hana og fá þá til að segja sannleikann.

Haywire er eftir leikstjóran fræga Steven Soderbergh, sem gerði *Ocean's*-myndirnar og þá fer Gina Carano með aðalhlutverkið í myndinni en hún er fyrrum meistari í blönduðum bardagalistum, MMA. Aukinheldur fara Ewan McGregor, Michael Douglas, Antonio Banderas, Bill Paxton, Channing Tatum og Michael Fassbender með stór hlutverk í myndinni.

Aðrar frumsýningar: *Ghost Rider 2: Spirit of Vengeance* - *Journey 2*

f VILTU MIÐA? Monitor ætlar að gefa miða á *Haywire*, fylgstu með ...
facebook.com/monitorbladid

TÖLVULEIKUR

FIFA 12
MMMMM
Tegund: Fótboltaleikur
PEGI merking: 3+
Útgefandi: EA Sports
Dómar: Gamespot 8 af 10 / IGN 8 af 10 / Eurogamer 8 af 10

Fótbolti á ferðinni

Í vikunni kom út nýjasta afurð Sony eða PlayStation Vita leikjatið. Leikjaúrvalið á fyrsta degi er mjög gott og fjölmargir stórir leikir dottirnir inn. Einn af þeim er *Fifa Football*, en núna geta leikmenn loksins spilað *Fifa* sinn hvar og hvenær sem er. Það fyrsta sem maður tekur eftir er hversu flottur leikurinn er varðandi grafík. Fyrst eru það valmyndirnar og allt umhverfi leiksins sem lúkkar nákvæmlega eins og í *Fifa 12* á PlayStation 3. Sama má segja um leikinn sjálfan, en hann lítur ótrúlega vel út og sýnir hvað PlayStation Vita er öflug tölva. En eins og fegurárdrottningar vita, þá er lúkkið ekki nóg, heldur skiptir innihaldið líka máli, en í tilfelli *Fifa* liggur innihaldið í spilun og spilunarmöguleikum leiksins. Varðandi þann hluta þá tekur maður helst eftir því að margar nýjungarnar úr *Fifa 12* hafa ekki náð í þessa útgáfu og saknar maður þeirra töluvert. Þar má sérstaklega nefna nýja varnarkerfið og „precision dribbling“ möguleikann. En til að bæta upp fyrir það hafa EA Sports-menn sett inn spilun sem er sérhönnuð fyrir Vita-tölvuna og geta menn til að mynda notað snertiskjá tölvunnar til að senda á milli manna og stýra hlaupum leikmanna inn í eyður. Einnig er hægt að nota snertiflötinn aftan á vélinni til að miða á markið og taka skot. Varðandi spilunarmöguleikana, þá hafa allir „offline“ möguleikarnir úr *Fifa 12* dottið inn í Vita-útgáfuna, en þegar menn vilja detta í netspilun þá takmarkast aðeins möguleikarnir miðað við *Fifa 12*, en engu að síður er hægt að gleyma sér í hinum ýmsu deildar-



keppnum og vináttuleikjum við félagana. Varðandi tónlist og hljóð leiksins, þá er það á pari við PlayStation 3 útgáfu *Fifa 12*, en þar er allt mjög vel gert. Þannig að þegar öllu er á botninn hvolft er *Fifa* á PlayStation Vita stórgóð skemmtun, en stærsti kosturinn við hann er að nú getur maður spilað í tætlur í sófanum og leyft gömlu að horfa á Leiðarljós á sama tíma. Bara ekki gleyma að klappa henni reglulega!

Ólafur Þór Jónsson



Væmni af dýrari gerðinni

Extremely Loud & Incredibly Close er tilnefnd til óskarsverðlauna í ár í flokknum besta mynd ársins. Fyrir mér er það óskiljanlegt þegar horft var framhjá frábærum myndum eins og *Drive* og *The Girl with the Dragon Tattoo*. Í stuttu máli fjallar myndin um hinn unga Oskar Schell sem býr í New York með móður sinni og föður. Faðir hans deyr í árásinni á World Trade Center árið



2001 sem hefur, eins og gefur að skilja, gríðarleg áhrif á líf Oskars. Hann finnur svo lykil í fataskáp föður síns sem verður til þess að hann fer að leita að uppruna lykilsins úti um alla New York. Thomas Horn leikur Oskar og mæðir langmest á honum. Hann er frekar misjafn að mínu mati en heilt yfir stendur hann sig ágætlega. Hafa ber í huga að hlutverkið er mjög erfitt og ekki margir á hans aldri sem hefðu skilað þessu betur.

Endirinn vonbrigði

Stærsti galli myndarinnar er fyrst og fremst endirinn. Hann er einfaldlega slakur og illa útfærður. Einnig er myndin mjög hæg og alltof löng þar sem lopinn var teygður til hins ýtrasta. Kaninn hatar ekki væmnina og hún fór út fyrir öll velsæmismörk í lokin. Tom Hanks og Sandra Bullock leika foreldra Oskars í myndinni. Þau eru frekar lítið í myndinni en skila sínu að sjálfsögðu. Max Von Sydow fer einnig með lítið hlutverk. Einhverjir muna eftir honum úr *Judge Dredd* þar sem hann lék á móti Sly Stallone hér um árið. Hann er klárlega einn af ljósu punktunum. Það jákvæðasta var hins vegar tónlistin en þar sýndi Alexandre Desplat enn og aftur að hann er með þeim allra bestu í dag. Ótrúlega falleg tónlist sem gaf myndinni mikið. *Extremely Loud & Incredibly Close* mun eflaust heilla einhverja en hún gerði ekki mikið fyrir mig.



Tómas Leifsson

EXTREMELY LOUD...



Adele er númer eitt

BRIT Awards 2012 fóru fram á þriðjudagskvöld þar sem sigurganga Adele hélt áfram en hún hlaut þrenn verðlaun á kvöldinu.



SMELLUGAS OG SCHERZINGER



GEORGE MICHAEL AFHENTI VERÐLAUN FYRIR PLÖTU ÁRSINS



RIHANNA VARÐ 24 ÁRA Á MÁNUDAGINN



ED SHEERAN VARÐ 21 ÁRS UM SÍÐUSTU HELGI



RIHANNA FÍLAR AÐ DILLA-DILLA



ÍSLANDSVINURINN DAMON ALBARN LOKAÐI KVÖLDINU Í GOSPELFÍLING



CHRIS MARTIN LENTI Í GLOWSTICKS-SLYSI RÉTT AÐUR EN HANN STEIG Á SVIÐ



IT'S SPY AGAINST SPY.

THIS MEANS WAR

SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL WAR
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
KOMIN Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ LAUGAR BÍÓ KEFLAVÍK SAMBÍÓ



VILTU VINNA MIÐA?

FULLT AF VINNINGUM: BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MED ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/THISMEANSWAR



LOKAPRÓFIÐ

| 23. febrúar 2012 |



Ég heiti Þórunn Antonía.

Ef ég væri ekki Þórunn Antonía Magnúsdóttir myndi ég helst vilja vera

Þú veist hver ég er af því að Ég er stundum í spánverpinu og útsvarpinu

- Þórunn Erna Clausen, leikkona
- b) Þórunn Sveinsdóttir VE 401, skip
- c) Þórunn Sveinbjarnardóttir, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar
- d) Þórunn Helga Jónsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu
- e) _____



Uppáhaldslag úr smíðju föður míns er klárlega

- a) Ást
 - b) Jörðin sem ég ann
 - Alfar
 - d) Island er land þitt
 - e) _____
- en pabbi er í alvönu Alfar



af því að hún er falleg og hæfileikarík kona.

Ég fíla mig best í

- a) tónlistinni.
- b) sjónvarpinu.
- c) spandex-galla.
- d) afsjöppun heima.
- e) blanda af þessu öllu

Skemmtilegasti samstarfsfélaginn minn er alveg örugglega



- a) Nilli
- b) Steindi
- c) Björn Bragi
- d) Berndsen
- e) Steinvli af



af því að

hann hlóðir úr dagum mig of og sagði eitthvert annað

Ég væri tilbúinn að selja spandex gallana



til að fá að syngja dúett með Stevie Nicks sína 1975

Frægasta persónan sem ég hef hitt er

- a) Russell Brand.
- b) Kelly Osbourne.
- c) Amy Winehouse.
- d) David Walliams.
- e) gigi eldi upp á möti þessu þessu



Síðasta sms sem ég fékk var frá Allan og í því stóð: lakki fyrir mig :)

(af því að ég gat honum þessu egg)

Í skyrglímunnunni frægu á Selfossi skein mestur kynþokki af

- a) mér.
- b) Nilla.
- c) Guðrúnu Margréti.
- d) Hvaða rugl er þetta? Ég get ekki gert upp á milli.
- e) Guðrúnu Margréti

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa hvaða ríkhleysa er þetta ... og veit þú eitthvert

Síðast en ekki síst

» Sighvatur Ómar Kristinsson, Apparatsleggja, fílar:

Kvikmynd: Það er og verður alltaf Pee Wee's Big Adventure. En svo elska ég líka allar heimildamyndir Werners Herzog. Hann er með svo fallega rödd.



minn duglegur að benda mér á nýtt efni og plata Iceage, New Brigade er ótrúleg.



Þáttur: Shameless. Frank Gallagher er uppáhalds-auminginn minn. Það er ekkert gott í honum.



Vefsíða: www.y8.com/games/hot_dog_bush Þetta er


pulsu og hamburgaraleikur sem ég festist í í nokkra daga þangað til ég kláraði hann.

Staður: Mest framandi og furðulegi staður sem ég hef komið til er



Tókýó. Ég gleymi því seint þegar ég sá 40 ellilífeyrisþega raka lauf í kringum eitt tré og pandabjörninn í dýrargarðinum.

Bók: Þar kemur þú svolítið að tómunum kofanum. Ég var farinn að lesa aðeins í strætó í og úr vinnu en svo uppgötvaði ég skákforrit í símanum mínum og nú tefli ég alltaf í strætó. Svo les ég barnabækur á kvöldin.



Plata: Fyrstu plötur The Cure eru alltaf í uppáhaldi en svo er Arnar Eggert samstarfsmaður



Heilsudýnudagar í Betra Baki !

20% afsláttur af Chiro Collection

Vandaðar kantstyrkingar
Hreyfing í dýnu
aldrei verið minni!

Val um ConformaFoam heilsu- og hægindalag
með Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni.

Eurotop, tvöfaldur hliðarsaumur
- betur nýttur svefnflötur.

Val um 3 liti á botni.
- Svart leður
- Hvít leður
- Brúnt leður

5 ára ábyrgð á gormakerfi.

7 svæða heilsu og hægindalag.

Val um 3 gerðir af löppum.



Chiro Deluxe, dýna botn og lappir !

160x200 cm. Verð nú kr. 224.720,- • 180x200 cm. Verð nú kr. 235.120,-

Vandaðir lyftistólar

20% afsláttur



Stillanleg heilsurúm í sérflokki !



Stillanlegu heilsurúmin
sem Betra Bak býður uppá
eru ein þau vönduðustu
sem í boði eru. Skoðuðu
möguleikana!

Verðdæmi án gaffs
2 x 90x200
kr. 569.000,-


TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR
Original eða
- Cloud heilsudýna.

Sængurver í sérflokki !

20% afsláttur

Aðeins til 18. febrúar

JOOP!



Charlotte & Julien

Dream your world™

Verð: Platinum heilsudýna, botn og lappir:

120x200 - kr. 83.900,-

140x200 - kr. 109.900,-

160x200 - kr. 119.900,-

180x200 - kr. 134.900,-

Gafl seldur sér.

Frábært verð!

Svefnsófar



TORINO

SVEFNSÓFI Kr. 189.900,-



NAPOLI

SVEFNSÓFI Kr. 199.900,-

Betra
BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477

Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



2.990 /MÁN
ENGIN BINDING!

Reebok
FITNESS
Holtagarðar

reebokfitness.is